

Hugtakabrenglun og orðagjálfur

Brenglun hefur mjög einkennt þá rúmu tvo áratugi sem liðnir eru af þessari öld. Allt þjóðfélagið er bren glað og bren glunin áberandi á nánast öllum sviðum. Einna mest áberandi er bren glunin þó á Alþingi. Þar fer þeim óðum fækkandi sem vita yfirleitt hvað snýr upp eða niður. Sumir þingmenn eru siðferðilega bren glaðir og hafa t.d. mjög bren glaða afstöðu til lífsréttar ófæddra barna. Þeir telja að það sé valkvætt að enda líf annara sbr. líka umræðu um „dánaraðstoð“ sem fjallar um það hvernig megi flýta dauða fólks.

Sá stóri munur er þó á þar að ekkert liggur fyrir um viljaafstöðu ófæddra barna. Hin vegar verður að telja það afar ólíklegt að þau myndu nokkurn tíma óska þess að endir verði bundinn á líf þeirra. En í stað þess að ræða opinberlega og heiðarlega um þau grundvallaratriði sem þarna að baki er farin sú óheilbrigða leið að skipta um hugtak og kalla fyrirbærið „þungunarrof“. Þar með taldist það afgangur á Alþingi.

Á opinberu áróðursveitunni, RUV, er bren glunin slík að vart er hlustandi á þá stöð hin síðari ár. Mikið af „dagskrágerðinni“ snýst um einhverja „bren glunarþætti“ og reynt að skýra út í löngu máli að bren glun sé fullkomlega eðlilegt ástand. Vandamálið sé þeir sem ekki vilja gera bren glunina að sinni eigin. Afbökun og hugtakanotkun eru óspart notuð í þeim tilgangi að blekkja og villa fólki sýn. Gott dæmi um þetta er notkun margra fjölmiðla á **stríðsglæpadómstólnum** í Haag í Hollaandi, ICC. Á ensku nefnist hann International Criminal Court. Opinbera áróðursveitan kallar hann ævinlega „alþjóðlega sakamáladómstólinn“. Í bren gluðu samfélagi er auðvitað ekki hægt að þýða þetta rétt. Þar dugar ekki orðrétt þýðing, frá orði til orðs, heldur verður að kafa ofan í samhengi hlutanna.

Rómarsamþykktin

Hér verður ekki farið að sinni út tilvist dómstólsins sem slíks eða þeirra pólitísku ákvarðana sem þar lágu að baki en hins vegar staðnæmst við þá glæpi sem undir hann heyra samkvæmt Rómarsamþykktinni (**Rome Statute**) en á henni byggir nefndur dómstóll. Nafn dómstólsins hlýtur síðan óhjákvæmilega að miðast

við þá glæpi sem hann fæst við. Í 2. hluta Rómarsamþykktarinnar, 5. gr. eru glæpirnir skilgreindir. Þar segir: „**Lögsaga dómstólsins skal takmarkast við alvarlegustu glæpi sem varða alþjóðasamfélagið í heild.**“ⁱ Dómstóllinn hefur lögsögu samkvæmt þessari samþykkt í eftirfarandi glæpum:

- (a) Þjóðarmorð;
- (b) Glæpir gegn mannkyni;
- (c) Stríðsglæpir,
- (d) Vopnaðar árásir gegn ríkjum.^{“ii}

Hér er fyrsta spurningin þessi: getur einhver lesandi fundið það út að þarna sé fjallað um „sakamál“ í hefðbundnum skilningi? Eru t.a.m. umferðarlagabrot undir lögsögu dómstólsins, manndráp, morð og nauðganir utan stríðsátaka? Fjallar dómstóllinn um gripdeildir innan ríkja, óháð stríðsátökum? Þannig mætti lengi áfram telja. Svárið er að sjálfsögðu **nei**.

Hér þarf og að hyggja að öðru. Hugtakið **stríðsglæpir** getur bæði haft almenna og sértæka merkingu. Í almennu merkingunni nær það yfir alla þá glæpi sem að framan eru tilgreindir. En í sértæku merkingunni nær það einungis til c-liðarins í upptalningunni. Niðurstaðan verður hins vegar sú sama, réttnefni á þessum dómstól er: **Alþjóðlegi stríðsglæpadómstóllinn**. Það er rétt og eðlileg þýðing. Brenglunin á Alþingi, sumum fjölmiðlum og víða annar staðar er hins vegar slík að rök skipta engu máli lengur, heldur eitthvert „huglægt“ álit á veruleikanum. Veruleikinn sjálfur skiptir engu máli.

Með svona hugtakabrenglun er gert lítið úr alvarleika glæpa sem þó eru oft taldir í hópi þeirra alvarlegustu í samfélagi þjóðanna og þeim nánast líkt við búðarþjófnað [„sakamál“] eða umferðarlagabrot (sem þó eru mjög alvarleg oft en eiga hins vegar ekkert skylt við stríðsglæpi). Það er alvarleg brenglun ef fólk gerir ekki lengur greinarmun á stríðsglæpum og búðarþjófnaði. Góðar stundir!

- i Svartletrun mín.
- ii International Criminal Court. *Rome Statute of the International Criminal Court*. 17. júlí 1998. <https://www.icc-cpi.int/sites/default/files/2024-05/Rome-Statute-eng.pdf>